

Alþingi
Erindi nr. P 143/892
komudagur 23.1.2014

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

ritari nefndasviðs Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austursstræti 8-10
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 23. janúar 2014
Tilvísun: UST20140100046/rb

Umsögn tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs, 169. mál

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis (Umhverfis- og samgöngunefndar), dags. 6. janúar 2014 Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar sbr. þingskjal 203 – 169. mál vegna stofnunar Hofsjökulspjóðgarðs. Þess er óskað að umsögn berist eigi síðar en 23. janúar.

Í tillögu til þingsályktunar kemur fram vilji til stofnunar Hofsjökulspjóðgarðs sem hafi innan sinna marka Hofsjökul og aðliggjandi svæði og að við afmörkun þjóðgarðsins verði höfð hliðsjón af mati á verndargildi náttúruverndar og menningarminja sem liggur til grundvallar þingsályktun nr. 13/141.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram vilji til að hafa Hofsjökul og aðliggjandi landsvæði sem sum hver eru þegar friðlýst eða á náttúruminjasrá, s.s. Þjórsárver, Kerlingarfjöll, Guðlaugstungur, Orravatnsrústir og önnur svæði eftir því sem samkomulag næst um, innan þjóðgarðsins.

Umhverfisstofnun telur hugmynd um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs áhugaverða og þess virði að skoða nánar en bendir á að eðlilegur vettvangur fyrir slíkt væri náttúruverndaráætlun eða sambærileg áætlun sem hefur það hlutverk að marka stefnu í náttúruvernd og friðlýsingarmálum á Íslandi.

Þá bendir Umhverfisstofnun á að með stofnun þjóðgarðs á svæðinu breytist áhersla friðlýsingar þeirra svæða sem nú þegar eru friðlýst þannig að meiri áhersla er lögð á félagslega náttúruvernd heldur en nú er gert. Sem dæmi má nefna að Þjórsárver eru nú flokkuð í flokki 1b í flokkunarkerfi IUCN sem er svæði sem stjórnað er einkum til verndar óbyggðum. Yrði svæðið friðlýst sem þjóðgarður færist áherslan til þess að vera einkum til verndar vistkerfum og til útivistar. Með þessum breytingum myndi álag á svæðinu að öllum líkindum aukast og alls óvíst hvort að svæði eins og Þjórsárver myndu þola það aukna álag.

Í því sambandi vill Umhverfisstofnun benda á að stofnun þjóðgarðs kallar á uppbyggingu innviða á svæðinu og því þarf að tryggja fjármagn til uppbyggingar og reksturs svæðisins sem felur einnig í sér stýringu t.d. ferðamanna, enda eitt af markmiðum með stofnun þjóðgarðs að

stuðla að útivist og náttúruupplifun. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að ef stofnaður verður þjóðgarður sem felur í sér sameiningu annarra friðlýstra svæða, að þau svæði innan þjóðgarðsins sem falla í aðra verndarflokka verði skýrt afmörkuð og verndun þeirra skilgreind.

Virðingarfyllst



René Biasone
Teymisstjóri



Hildur Vésteinsdóttir
Teymisstjóri

